

---

*Valgreinar tímabilið 16. nóvember – 14. desember*

---

Engjaskóli býður nemendum í 5. – 7. bekk upp á valgreinar. Markmiðið er að stuðla að auknum samskiptum nemenda milli árganga, að efla vinnugleði og gefa nemendum kost á að velja sér viðfangsefni og auka þannig lýðræði í skólastarfi. Valið verður fjölbreytt og leitast við að flétta saman verklegri vinnu, hreyfingu og hugleiðslu svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat í vali byggist á hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem og frammistöðumati. Valgreinar verða á miðvikudögum tvo tíma í senn kl. 12:50 - 14:10.

Margar rannsóknir sýna fram á að á milli 90-98% nemenda og foreldra eru ánægðir með slíkt fyrirkomulag í skólastarfi. Þær hafa einnig sýnt fram á að val nemenda eykur áhuga þeirra á námi. Nemendur sýna fjölbreyttari og betri úrlausnir verkefna, þátttaka nemenda eykst sem stuðlar að betra námi og betri námsárangri. Vinnugleði, samskipti og þátttaka er einkennir þessar kennslustundir og hefur smitandi áhrif yfir í aðrar kennslustundir.



---

## Smíðajólaval – Kristjana Erlen

---

Nemendur smíða sér jólakertastjaka og fleiri jólalega smáhluti eftir því sem tími vinnst til. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

### Hæfniviðmið eru að nemandi geti:

- Valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendisteikningu, beitt viðeigandi vinnustellingum
- notað réttan hlífðarbúnað.

Námsmat er lokið/ólokið



---

## TextíljólaVal – Þórunn Marsibil og Kristín

---

Val um nokkur verkefni sem tengjast jólunum t.d.

- ❖ skraut á jólatré
- ❖ perlað jólaskraut
- ❖ fléttuð hjörtu
- ❖ jólakort
- ❖ jólaskraut



### Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- ✓ þjálfist í gagnrýnni hugsun gagnvart eigin verkum
- ✓ sé meðvitaður um nám sitt á skapandi og persónulegan hátt
- ✓ byggt listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu
- ✓ geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt
- ✓ notað mismunandi efni og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun

### Námsmarkmið

Unnið verður með fjölbreyttan efnivið við gerð verkefna í þessu vali og verður leitast eftir endurnýtingu hluta. Lögð er áhersla á að vera skapandi og fá nemendur tækifæri til að vinna að sínum eigin hugmyndum innan ákveðinnar marka. Möguleikarnir eru óþrjótandi en við munum meðal annars kynna Pinterest, föndra, kynna mismunandi jólahefðum og svo framvegis.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru hafðir í huga: Virkni, viðhorf og hæfni nemenda metin. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, hugmyndavinnu og vandað handverk.



---

## Kvikmyndaðal/teiknimyndir og jólamyndir - Gunnar

---

Í valinu verður horft á valdar teiknimyndir og jólamyndir sem hafa hlotið sess í kvikmyndasögunni. Farið verður yfir sögurnar á bak við myndirnar, helstu leikara, leikstjóra o.s.frv.

Eftir áhorf hverrar myndar eiga nemendur að ræða um hana gefa henni munnlega umsögn og einkunn.

### Hæfniviðmið:

Enska

Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.

Íslenska

Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.

Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.

### Námsmat:

Nemendur verða metnir með ýmsum umræðum og og samræðum um myndirnar.



---

*Lúsíuval - Jóhanna Höskuldsdóttir og Fríða Kristjánsdóttir*

---

Nemendur æfa og undirbúa Lúsíuhátíð sem verður haldin 13. desember í skólanum.

Nemendur æfa að syngja Lúsíusönginn og taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar. Þess á milli fönndrum við Lúsíur (engla) og annað tengt jólum og fræðumst um söguna á bakvið Lúsíuna og hefðina. Hápunktinum verður náð 13. desember þegar við göngum um skólann og syngjum fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

Markmið er að nemandi geti:

- spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna
- lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,

Námsmat er lokið/ólókið



---

## Stuttmyndagerð - Bjarki

---

Farið í og unnið eftir ferli við kvikmyndagerð. Fyrst búum við til einfalt handrit og búum til stiklu (e. trailer) í iMovie. Að því búnu verður búið til örlítið flóknara handrit með söguborði (e. storyboard), tökum upp örstutta mynd og klippum hana í iMovie.


Unnið verður í pörum eða hópum.

### Markmið að nemandi geti;

- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu

### Námsmat:

- byggist á vinnusemi, verkefnaskilum og áhuga.



---

## Jólabakstur – Silvana

---

Nemendur fá þjálfun í að baka jólabrauð, jólaköku og jólasnákökur. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Farið verður yfir mismunandi baksturaðferðir s.s. þeytt, hrært og hnoðað deig. Mikið er lagt upp úr góðu vinnulagi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Allir tímar eru verklegir.

### Markmiðið er að nemendur:

- fái tilsögn við bakstur á hinum ýmsu tegundum af kökum
- tileinki sér gott skipulag við bakstur.
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum baksturaðferðum
- viti hvað er að vera ábyrgur neytandi í neyslubjórðfélagi.
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf.
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift

### Námsmat:

Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum. Einnig að nemendur vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin, haldi ró sinni, og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.



---

## Gönguferðir og útvera í nærumhverfi - Unnar

---

### Lýsing:

Stuttir göngutúrar í nærumhverfi skólans margar fallegar gönguleiðir eru í boði. Við skoðum m.a. jólaljósín og jólaskreytingarnar í hverfinu og njótum útiverunnar saman.

### Hæfniviðmið

· Kynnast áhugaverðum stöðum í nærumhverfi, samskipti við samnemendur.

### Námsmarkmið:

- Að efla hreyfifærni.
- Að hafa gaman.

### Námsmat:

- Virkni og viðhorf

